

Rekstraruppgjör ÍTR 2010

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Hvernig uppgjörð er unnið	4
Almennt um árið.....	4
Breytingar á fjárhagsáætlun	6
Tekjur.....	6
Laun og launatengd gjöld	6
Annar rekstrarkostnaður	7
Sölustarfsemi.....	7
Viðskiptakröfur – niðurfærsla.....	8
Ferðakostnaður	8
Símakostnaður.....	8
Rekstarleiga	9
Rekstraryfirlit.....	10
Frávikagreining einstakra starfsstaða.....	12
I205x Atvinnumál.....	12
Tómstundamál.....	12
Íþróttamál.....	15
Önnur starfsemi.....	19

Inngangur

Það er ánægjulegt að sjá að margir liðir í rekstri ÍTR hafa náð að halda sig innan fjárheimilda. Skrifstofa tómstundamála hefur náð miklum árangri í að halda sig innan fjárheimilda þar sem einungis 3 staðir af 15 eru yfir fjárhagsáætlun, en af þeim stöðum sem eru yfir áætlun eru það frístundaheimilin og frístundaklúbbar en nánar verður vikið að ástæðum þess í síðari hluta skýrslunnar.

Eftir kosningarnar í vor var einnig ákveðið að hafa frítt í sund fyrir börn og unglinga. Það sést þegar aðsóknartölur eru skoðaðar og samanburður við fyrri ár að frígjaldið hafði mikil áhrif á komur barna í sund, en ekki alveg eins mikil áhrif á komur eldri árganga. Enn og aftur var þetta leyst án aukinna fjárveitinga frá borginni. Boðið var upp á miðnætursund í Laugardalslauginni í fimm daga í júlí, og var það gert án viðbótarfjárveitinga frá borginni. Aldrei áður hafa komið eins margir gestir í sund og á árinu, og má að hluta til rekja það til þessarar aðgerðar í þágu barnafólks.

Atvinnumál hafa verið ofarlega á baugi hjá stórum hópi starfsmanna ÍTR. Náðst hefur gott samstarf við Vinnumálastofnun um úrræði fyrir aldurshópinn frá 17-25 ára.

Nokkuð ljóst er að áframhaldandi niðurskurður á fjárveitingum til ÍTR mun hafa mikil áhrif á þá þjónustu sem hægt er að bjóða uppá í framtíðinni. Mikill hluti af rekstrarkostnaði er bundinn í leigu á húsnæði eða 34% af brúttórekstrarkostnaði og styrkjum sem er 15,5% brúttókostnaði.

Ómar Einarsson

Framkvæmdastjóri

Bragi Þór Bjarnason

fjármálastjóri

Hvernig uppgjórið er unnið

Í uppgjörinu er samanburður á milli rekstrarniðurstöðu og endurskoðaðrar áætlunar. Hafa þarf eftirfarandi hluti í huga þegar skoðuð eru frávik á einstökum rekstrarliðum:

- Ekki var gert ráð fyrir tryggingagjaldshækkun sem kom til framkvæmda 1. janúar. Ríkissjóður ætlar að endurgreiða sveitarfélögum kostnaðaraukingu vegna hækkunarinnar, en endurgreiðslur ríkissjóðs eru tekjufærðar í ársuppgjöri borgarinnar.
- Ekki var gert ráð fyrir gjaldskrárhækkunum Orkuveitunnar í október og nóvember.

Í frávikagreiningu er allaf samanburður á milli rekstrarniðurstöðu og fjárhagsáætlunar.

Aftast í skýrslunni er gerð grein fyrir frávikum allra kostnaðarstaða sem eru með meira en 1% frávik frá áætlun.

Í skýrslunni er fjallað um:

- Breytingu á fjárhagsáætlun
- Samanburður fjárhagsáætlunar og rekstrarniðurstöðu
- Tekjur
- Launakostnað
- Innri leigu/Húsaleigu
- Annan rekstrarkostnað
- Sölustarfsemi
- Viðskiptakröfur – Afskriftir (niðurfærslu krafna)
- Ferðakostnað
- Símakostnað
- Rekstrarleigu bifreiða og tækja
- Rekstraryfirlit
- Frávikagreining einstakra starfsstaða

Almennt um árið

Rekstur ÍTR fór nokkuð fram úr áætlun ársins 2010 eða 3,7%. Þeir liðir sem hafa mest áhrif á rekstrarniðurstöðu ÍTR eru frístundaheimilin/frístundaklúbbar, húsaleigu- og æfingarstyrkir til íþróttafélaga og verðbætur á bunda húsaleigusamninga.

Aðsókn í frístundaheimilin hefur undanfarin ár stöðugt aukist. Haustið 2010 var metár varðandi fjölda þar sem rúmlega 3.000 börn voru í vistun. Í forsendum fjárhagsáætlunar var gert ráð fyrir að meðalfjöldi barna á árinu yrði um 2.600.

Aðsókn í sundlaugarnar jókst töluvert frá fyrra ári. Alls komu rúmlega 1,9 m gesta í laugarnar á árinu sem er aukning um 70.000 gesti. Á árinu var ungmennum 6-18 ára boðið frítt í sund frá 19. júní til loka ágústmánaðar. Sjá má verulega aukningu í aðsókn barna á þessu tímabili. Í júlí var gerð tilraun með að bjóða upp á næturopnun í Laugardalslaug, töluverð aðsókn var á meðan á opnuninni stóð.


Rekstraruppgjör ÍTR 2010

Meðal verkefna ÍTR á árinu varðandi atvinnumál ungs fólks var rekstur vinnumiðlunar í Hinu Húsinu vegna sumarráðninga skólafólks, svokölluð Vítamín-námskeið og tilraunaverkefnið ÍTR – Torgið í Breiðholti á haustmánuðum. Helstu samstarfsaðilar voru auk stofnana borgarinnar, Vinnumálastofnun / Ungt fólk til athafna og fjöldi íþrótta- og æskulýðsfélaga og fyrirtækja sem réðu til sín ungt fólk í starfsþjálfun eða afleysingar.

Styrkir til íþrótta- og æskulýðsmála er stærsti einstaki liðurinn í rekstri ÍTR með 44% af heildarrekstri. Skrifstofa tómstundamála nemur 26% af heildarrekstri, þar af eru frístundaheimilin og frístundaklúbbarnir 14% af heildinni.

Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn er launakostnaður sem nemur 37% af brúttóútgjöldum. Þar á eftir er húsaleiga sem nemur 33% af brúttóútgjöldum. Þessir tveir liðir eru því 71% af brúttókostnaði sviðsins. Orkukostnaður allra mannvirkja ÍTR er 2% af brúttóútgjöldum.

Almenn rekstrarniðurstaða ÍTR að frádregnum frístundaheimilum og frístundaklúbbum, verðbótaþátta, hærri leigu menntasviðs vegna skólasala og annarra utanaðkomandi áhrifa nam 44.918 þkr sem er 0,9% yfir áætlun.



Rekstraruppgjör ÍTR 2010

Breytingar á fjárhagsáætlun

Nokkrar breytingar voru gerðar á fjárhagsáætlun ÍTR á árinu með samþykki borgarráðs og borgarstjórnar.

Upphafleg áætlun	6.110.409.000
<i>Breytingar</i>	
Atvinnumál	41.250.000
Atvinnunámskeið	10.000.000
Völlur við Leirdal	15.000.000
Íþróttastaða í Norðlingaholti	65.000.000
Samningur um Egilshöll	58.411.000
Frístundaakstur	10.000.000
Breytingar samtals	199.661.000
Endurskoðuð áætlun	6.310.070.000

Tekjur

Fjárhæð	Áætlun	Esk. Áætlun
1.467.425	1.206.949	1.206.949

Tekjur eru 260.476 þkr yfir áætlun, frávikið má rekja til eftirfarandi liða:

- Mótframlags vegna hækkunar á tryggingagjaldi
- Framlags Vinnumálastofnunar vegna atvinnuátaksverkefna
- Tekjur vegna samstarfsverkefna í Hinu húsinu
- Aukin aðsókn í frístundaheimilum
- Aukin aðsókn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn
- Auknar tekjur í sundlaugum vegna meiri aðsóknar
- Veitingasala í sundlaugum og Fjölskyldu- og húsdýragarðinum
- Tekjur vegna samstarfsverkefnis með Orkuveitunni varðandi rekstur í Hvammsvík
- Hlutdeild í tekjum vegna tjaldstæðis í Laugardal
- Húsaleigutekjur í íþróttamannvirkja

Laun og launatengd gjöld

Fjárhæð	Áætlun	Esk. Áætlun
2.972.624	2.777.310	2.818.560

Launakostnaður er 154.064 þkr yfir áætlun, frávikið má rekja til eftirfarandi liða:

- Hækkun á tryggingagjaldi frá 1. janúar 2010
- Atvinnuátaksverkefni í samstarfi við vinnumálastofnun

Rekstraruppgjör ÍTR 2010

- Samstarfsverkefni í Hinu húsinu, á móti koma hærri tekjur
- Fjölgun barna í frístundaheimilum og aukin stuðningsþörf.

Annar rekstrarkostnaður

Fjárhæð	Áætlun	Esk. Áætlun
5.039.230	4.540.048	4.698.459

Annar kostnaður er 327.511 þkr. yfir áætlun, frávikið má rekja til eftirfarandi liða:

- Ráðstöfun frístundakortsins
- Verðbóta vegna Egilshallar og íþrótt- og sýningarhallar
- Hækkunar á leigu skólasala Menntasviðs
- Aukinna kaupa á aðföngum í veitingasölu vegna aukinnar sölu
- Húsaleigu íþróttahúss við Háteigsveg af HÍ
- Samstarfsverkefni í Hinu húsinu, á móti koma hærri tekjur
- Hvammsvíkur sem er samstarfsverkefni með Orkuveitunni, en tekjur komu á móti.

Sölustarfsemi

Á mörgum starfstöðum ÍTR eru starfræktar sölubúðir í einhverju formi. Í félagsmiðstöðvum eru um litlar rekstrareiningar að ræða sem velta litlum fjárhæðum en í sundlaugum, Ylströnd og Fjölskyldu- og húsdýragarði er um verulega veltu að ræða.

Heildarvelta þessarar starfsemi á árinu 2010 nam 122.409 þkr. án virðisaukaskatts og er það aukning um 7,5% frá fyrra ári.

Þús.kr.	Árb.laug	Breiðh.laug	Grafav.laug	Laugard.l.	Sundhöll	Vestb.laug	Ylströnd	Fjask.garður
Sala	16.506	4.854	14.593	30.183	785	3.192	8.776	43.520
Birgðir 1/1	977	169	780	964	187	200	0	296
Innkaup	11.552	3.916	11.792	20.280	578	1.972	4.800	22.800
Birgðir 31/12	-819	-891	-1.053	-768	-291	-229	0	-1.031
KSV	11.710	3.194	11.519	20.476	474	1.943	4.800	22.065
Álagning	4.796	1.660	3.074	9.707	311	1.249	3.976	21.455
Álagning % '10	41,0%	52,0%	26,7%	47,4%	65,6%	64,3%	82,8%	97,2%
Álagning % '09	40,8%	37,9%	18,1%	52,7%	139,6%	69,0%	81,8%	97,4%
Álagning % '08	69,5%	61,8%	105,7%	54,2%	52,3%	68,9%	55,6%	77,9%
Álagning % '07	78,5%	96,5%	48,7%	59,8%	63,4%	61,8%	100,3%	90,0%
Álagning % '06	83,4%	59,4%	55,0%	54,5%	15,1%	50,9%	65,4%	73,8%
Álagning % '05	58,6%	40,8%	52,9%	37,6%	19,1%	20,8%	69,2%	83,8%
Álagning % '04	46,1%	45,8%	40,7%	27,8%	44,9%	31,6%	79,2%	69,9%
Álagning % '03	52,5%	19,8%	47,9%	33,7%	55,6%	55,6%	59,1%	81,0%

Skýringar á lækkun framlegðar frá 2007 eru sala á strætókortum sem eru seld með 5% álagningu.

Viðskiptakröfur – niðurfærsla

Í árslok voru ógreiddar viðskiptakröfur að fjárhæð kr. 107.376.600,- Hafa verður í huga að tekjur vegna frístundaheimila, kr. 42.186.646,- eru innheimtar eftirá og því eru allar tekjur vegna desembermánaðar ógreiddar um áramót. Kröfunar skiptast þannig að 6.029 eru vegna einstaklinga og 106 vegna fyrirtækja og stofanana.

Aldurgreining krafna er:

2010	96.371.174
2009	5.992.945
2008	2.768.512
2007 og eldri	2.243.969
Samtals	107.376.600

Elstu kröfunar hafa verið í lögfræðiiinnheimtu og verður að telja litlar líkur á innheimtu þeirra.

Á árinu 2010 voru kröfur að fjárhæð samtals kr. 4.389.042,- afskrifaðar. Um er að ræða kröfur sem voru endursendar frá lögfræðingi eftir árangurslaust fjárnám eða viðkomandi kröfur töldust ekki innheimtanlegar af öðrum ástæðum. Að auki var gerð óbein afskrift vegna krafna að fjárhæð kr. 691.000,- til að koma til móts við afskriftir í framtíðinni. ÍTR er búið að færa óbeina afskrift í nokkur ár og á inni á afskriftarlykli samtals 8 mkr sem er 10,9% af eftirstöðvum krafna 8. febrúar 2011.

Ferðakostnaður

Ein af hagræðingarkröfum sviðisins undanfarin ár hefur verið að minnka ferðakostnað. Tókst það markmið vel en óhjákvæmilega er nauðsynlegt að sinna ákveðnum samskiptum við nágrannalönd til að halda tengslum sem búið er að byggja upp í nokkur ár/áratugi.

Almennt séð var í gildi ferðabann hjá starfsmönnum sviðisins en til að fá heimild til utanfarar þurfti að tryggja 100% fjármögnun ferðar með styrkjum, þannig að ekki félli kostnaður á ÍTR.

Samtals voru farnar 15 ferðir á tengslum við starfsemi ÍTR á árinu 2010. Bókfærður nettókostnaður eftir að tekið hefur verið tillit til styrkja er kr. 1.709.733,- en þar vegur ferð á höfuðborgarráðstefnu Norðurlanda í Osló mest, en um var að ræða ferð bæði stjórma- og embættismanna.

Símakostnaður

Samtals eru 271 GSM símar á skrá hjá ÍTR og þarf af er búið að gera farsímasamninga við notendur 206 númera. Mismunurinn stafar að miklu leyti af því að í nokkrum sírstöðvum er GSM kort til að nýta alltaf mögulega lægsta verð við símtal úr borðsíma, einnig er nokkuð um GSM posa og einnig eru nokkrir GSM símar nýttir í staðinn fyrir talstöðvar í sundlaugum.

Rekstraruppgjör ÍTR 2010

Heildarkostnaður vegna GSM notkunar á árinu var kr. 8.028.540,-. Kostnaður vegna 32 númera var hærri en samningsviðmið kveða á um og er umframkostnaður samtals kr. 875.784,-, skoðaðar voru ástæður umframnotkunar og var hann settur í innheimtu.

Rekstarleiga

Á vegum ÍTR er 1 bifreið á rekstrarleigu, skuldbindingar vegna hennar eru 481.188 út samningstímann sem lýkur á árinu 2011. Á árinu runnu út rekstrarleigusamningar nokkurra bifreiða, þar á meðal þriggja bifreiða sem eru nýttar í akstri í frístundaklúbbunum. Í lok árs var samþykkt að Eignasjóður Reykjavíkur keypti þessa bíla og ÍTR leigi bílana af eignasjóðnum.

Heildarskuldbinding vegna leigu bifreiða og tækja er:

		Fastanúmer	Skráningar- dagur	Samnings- tími til	Fjöldi mán.eftir af samningi	Gr. Á mánu	Heildarskuld- binding
Starfsemi fyrir fatlaða							
Bifr. Og Landbv.	Renault Trafic	AA-J16	5 08	5.5.2011	4	120.297	481.188
Samtals skuldbinding vegna rekstrarleigu						120.297	481.188

Tölur úr bókhaldi: 22.03.2011 09:56
Allir - Skipulagseining (36)

		REKSTUR janúar-desember 2010						
	eining1	Tekjur	Laun og launa- tengd gjöld	Annar rekstar- kostnaður	Rekstar- niðurstaða	Esk. áætlun tímabils	Frávik tímabils	Hlutfall af Esk. áætlun tímabils
Íþróttta- og tómstundasvið								
<i>Yfirstjórn ÍTR:</i>								
Íþróttta- og tómstundaráð	I1990	106	10.173	902	10.969	12.652	1.683	87%
Yfirstjórn ÍTR	I2000	2.026	119.020	5.641	122.635	123.816	1.181	99%
		2.132	129.193	6.543	133.604	136.468	2.864	98%
<i>Atvinnumál:</i>								
Atvinnumál	I2050	42.212	179.532	1.418	138.738	137.080	(1.658)	101%
		42.212	179.532	1.418	138.738	137.080	(1.658)	101%
<i>Tómstundamál:</i>								
Frístundamiðstöðin Miðberg	I301	4.500	72.823	45.798	114.121	118.816	4.696	96%
Frístundamiðstöðin Kringlumýri	I302	5.135	86.424	48.080	129.370	127.729	(1.641)	101%
Frístundamiðstöðin Kampur	I303	1.601	51.002	11.328	60.729	62.060	1.331	98%
Frístundamiðstöðin Ársel	I304	5.983	85.042	50.594	129.653	129.123	(530)	100%
Frístundamiðstöðin Frostaskjól	I305	3.397	46.210	14.164	56.977	57.429	452	99%
Frístundamiðstöðin Gufunesbær	I309	15.345	101.225	35.745	121.625	125.075	3.450	97%
Félagsstarf í hverfum	I3510	1.663	875	8.024	7.235	9.924	2.689	73%
Starfsemi fyrir fatlaða	I3720	60	1.690	2.049	3.679	4.560	881	81%
Sumargrín og smiðavellir	I3880	275	1.986	6.904	8.615	9.136	521	94%
Sumarnámskeið fyrir börn	I3910	(75)	7.500	18.481	26.056	26.279	223	99%
Hitt Húsið	I4000	56.912	102.525	76.225	121.838	129.142	7.304	94%
Youth	I4022							
Siglingar í Nauthólsvík	I5300	3.150	19.727	9.335	25.912	27.503	1.591	94%
Frístundaheimili ÍTR	I71	394.133	1.005.304	211.217	822.389	736.779	(85.610)	112%
Frístundaklúbbar	I7180	48.350	80.456	35.127	67.233	69.295	2.062	97%
Þróunarverkefni	I7550	109	8.314	4.871	13.076	13.287	211	98%
		540.538	1.671.105	577.942	1.708.509	1.646.138	(62.371)	104%
<i>Íþróttamál:</i>								
Laugardalslaug	I5000	209.051	214.480	368.354	373.783	366.320	(7.464)	102%
Vesturbæjarlaug	I5010	65.621	68.646	55.511	58.536	66.350	7.814	88%
Sundhöll	I5020	44.773	70.455	63.785	89.467	89.213	(254)	100%
Breiðholtslaug	I5030	53.384	88.203	83.213	118.032	114.132	(3.900)	103%
Íþróttahúsið Austurberg	I5031	29.189	12.775	41.239	24.825	33.388	8.563	74%
Árbæjarlaug	I5040	85.866	87.966	160.177	162.277	162.836	559	100%
Grafarvogslaug	I5050	77.254	102.756	125.591	151.093	149.324	(1.769)	101%
Íþróttahús Grafarvogi	I5051	24.260	20.039	80.622	76.402	76.094	(308)	100%
Íþróttamiðstöðin Klébergi	I5060		15	2.690	2.705	1.467	(1.239)	184%
Hvammsvík	I5070	8.509	1.491	7.017	()			
Ylströnd í Nauthólsvík	I5080	9.642	19.927	29.436	39.721	35.022	(4.699)	113%
Íþróttahús í Seljahverfi	I5220	19.536	20.054	42.161	42.680	38.408	(4.272)	111%
Íþróttahús KHÍ	I5230	10.606	13.504	17.097	19.995	4.136	(15.859)	483%
Laugaból	I5240	37.469	19.826	23.285	5.642	9.660	4.018	58%
Þjónusta við félög	I540	2.500	773	59.363	57.636	51.191	(6.445)	113%
Þjónustudeild ÍTR	I5400			25	25		(25)	
Gervigrasvöllur við Austurberg	I5411	15.000		25.200	10.200	10.100	(100)	101%
Sparkvellir	I5422			4.162	4.162	4.093	(68)	102%
Íþróttastarfsemi fyrir aldraða	I5500	121	7.677	2.884	10.441	10.996	556	95%
Heilsuborgin Reykjavík	I5600			5.539	5.539	2.500	(3.039)	222%
Skíðabrekkur	I6403		956	2.343	3.300	5.079	1.780	65%
Skíðasvæði - fólkvangur	I6800				()			
Framlag til Skíðasvæðis höfuðborgarsvæðis	I6900			89.731	89.731	89.860	129	100%
Miðlægur kostnaðarstaður sundlauga	I8469			2	2		(2)	
		692.780	749.545	1.289.429	1.346.193	1.320.169	(26.025)	102%
<i>Önnur starfsemi:</i>								
Kynningar- og markaðsmál	I2010	(69)		9.765	9.835	10.000	165	98%
Fræðsla og jafnréttismál	I2020	661	10.898	7.324	17.562	21.431	3.869	82%
Rannsóknir og kannanir	I2030	4.047	12.027	3.119	11.099	11.000	(99)	101%
Menningartengd starfsemi	I7600	11	680	1.204	1.873	2.406	533	78%
Hátíðahöld 17. júní	I8000	3.004	610	24.491	22.097	10.000	(12.097)	221%
Fólkvangur Kjalarnesi	I8250			691	691	259	(432)	266%
Fjölskyldu- og húsdýragarður	I840	151.140	169.457	121.017	139.333	139.389	55	100%
Sameiginlegur kostnaður ÍTR	I8460	6.537	507	20.155	14.125	13.537	(588)	104%
Langtímaveikindi og leyfi	I8461	234	41.808	33	41.607	37.000	(4.607)	112%
Stöðugildi þjónustumiðstöðvar	I8463			30.444	30.444	30.460	16	100%
Leiga tölvubúnaðar - UTM	I8465			48.865	48.865	47.180	(1.685)	104%
Gjaldfærð lausafjárkaup	I8999			10.236	10.236	6.200	(4.036)	165%

		165.564	235.986	277.346	347.768	328.862 (18.906) 106%
<i>Styrkir:</i>						
Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála	19010			17.080	17.080	15.000 (2.080) 114%
Húsaleiga af borgarmannvirkjum	19050			852.084	852.084	838.865 (13.219) 102%
Byggingastyrkir	19300			64.689	64.689	46.800 (17.889) 138%
Í.B.R. v/íþróttastarfsemi	19310			28.500	28.500	28.500 100%
Húsaleigu- og æfingastyrkir	19320	24.199	819	1.560.130	1.536.750	1.462.189 (74.561) 105%
Frístundakort	19340		6.539	363.974	370.513	350.000 (20.513) 106%
		24.199	7.358	2.886.457	2.869.616	2.741.354 (128.262) 105%

Annað:

Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	19000
Innri leiga áhalda og tækja	19997

Íþrótt- og tómstundasvið samtals

1.467.425	2.972.719	5.039.134	6.544.429	6.310.070	(234.359)	104%
------------------	------------------	------------------	------------------	------------------	-------------------	-------------

Frávikagreining einstakra starfsstaða

I205x Atvinnumál

Rekstrarniðurstaða Atvinnumála nam 138.738 þkr. sem er 1.658 þkr. hærri en áætlun eða 1,2%.


Launakostnaður nam 179.531 þkr sem er 42.452 þkr. hærri en áætlun. Tekjur námu 42.212 þkr en ekki var gert ráð fyrir tekjum á liðnum. Tekjurnar eru vegna framlags Vinnumálastofnunar í atvinnuátaksverkefni. Launakostnaður vegna atvinnuátaksverkefna sem haldin voru í samstarfi við Vinnumálastofnun hefur töluverð áhrif þar sem framlag Vinnumálastofnunar er tekjufært á móti. Einnig er um að ræða launakostnað vegna verkefna sem fengu úthlutað fjármagni frá forvarnarsjóði borgarinnar og úr atvinnupottum sem voru settir á laggirnar í byrjun sumars, en framlag úr þeim kemur til lækkunar á öðrum kostnaði.

Ástæða frávika í heild má rekja til ungmenna sem ráðin voru í verkefni sem ÍTR stóð að með OR í Hvammsvík.

Tómstundamál

Rekstur skrifstofu tómstundamála gekk mjög vel á árinu. Að undanskildum frístundaheimilum og frístundaklúbbum var afgangur að rekstri skrifstofunnar 21.177 þkr. sem verður að teljast mjög góður árangur í því erfiða árferði sem ríkti. Aðsókn hefur aldrei verið eins mikil í frístundaheimilin og fór aðsókn á haustmisseri langt fram úr ítrustu spám ÍTR.

Skipting rekstrarútgjalda skrifstofu tómstundamála er þannig að 74% af útgjöldum er launakostnaður og 10% húsnæðiskostnaður. Af þessu sést að mjög erfitt er að hagræða á skrifstofunni án þess að það komi niður á kjörum starfsfólks eða lækkun á þjónustustigi.



I302x Frístundamiðstöðin Kringlumýri

Rekstrarniðurstaða Frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýri nam 129.370 þkr. sem er 1.641 þkr. hærri en áætlun eða 1,3%

Tekjur námu 5.136 þkr. sem er 3.234 þkr hærri en áætlun. Þar af nemur mótframlag vegna hækkunar tryggingagjalds 1.383 þkr. Fengnir styrkir sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun námu 1.260 þkr. en á móti styrkjunum koma hærri útgjöld.

Launakostnaður nam 86.424 þkr. sem er 3.616 hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Helstu ástæður aukins launakostnaðurs er vegna samstarfsverkefna sem fengu styrkjaúthlutun og kostnaður vegna hækkunar tryggingagjalds en tekjur komu á móti.

Rekstraruppgjör ÍTR 2010

Kostnaður vegna innri leiga/húsaleiga nemur 25.068 þkr. sem er 357 þkr hærri en áætlun.

Almennur rekstrarkostnaður nemur 22.724 þkr sem er 615 þkr hærri en áætlun. Frávik má að mestu rekja til aukins kostnaðar við ræstingar.

I71x Frístundaheimili

Rekstrarniðurstaða frístundaheimila nam 822.389 þkr sem er 85.609 þkr hærri en fjárhagsáætlun eða 11,6%. Forsendum í fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 var breytt þannig að fjöldi 5 daga vistunarplássa var aukinn í 2.600 úr 2.100. Meðaltalsfjöldi á vormisseri 2010 var 2.949 (5 daga pláss 2.594) börn en í janúar voru þau 2.988 (5 daga pláss 2.629). Erfitt er að bregðast við breyttum barnafjölda á vormisseri þar sem búið er að skrifa undir ráðningarsamninga sem eru bundnir til loka vormisseris í flestum tilfellum. Meðaltalsfjöldi á haustmisseri var 3.318 (5 daga pláss 3.021).

Tekjur námu 394.133 þkr. sem er 64.961 þkr hærri en áætlun. Þar af nemur mótframlag vegna hækkunar tryggingagjalds 15.049 þkr. Auknar tekjur má rekja til aukinnar aðsóknar í frístundaheimilin. .

Launakostnaður nam 1.005.304 þkr. sem er 117.400 þkr hærri en áætlun. Skýringar á auknum launakostnaði má rekja til aukins barnafjölda í vistun og aukins kostnaðar við börn með sérþarfir. Á haustmisseri voru 100 fleiri börn sem þurftu á stuðningi að halda miðað við sama tímabil árið á undan.

Annar rekstrarkostnaður og húsaleiga nam 211.217 þkr sem er 33.171 þkr hærri en áætlun. Kostnaður vegna húsaleigu er alltaf að aukast þar sem húsnæði sem er í boði á vegum borgarinnar dugur ekki fyrir sístækkandi barnafjölda. Samkvæmt samþykkt borgarráðs frá árinu 2002 um rekstur frístundaheimila þá átti ÍTR að fá afnot af húsnæði skólanna undir reksturinn. Eftir því sem aðsóknin hefur aukist þá hefur húsnæðið sem skólarnir geta að láta af hendi undir rekstur frístundaheimila ekki dugað. Afleiðingin er sú að ÍTR hefur þurft að leigja húsnæði sem kemur sem hreinn aukakostnaður borgarinnar. Kostnaður vegna safnfrístundar í Vesturbæ er nokkuð umfram áætlun og vegur þar mest aksturskostnaður vegna flutnings barna úr Melaskóla og Vesturbæjarskóla í safnfrístundina upp á 4.651 þkr.

I718x Frístundaklúbbar

Rekstrarniðurstaða frístundaklúbbana nam 67.233 þkr. sem er 2.062 þkr. lægri en áætlun eða 3%. Í fjárhagsáætlun hafði verið gert ráð fyrir að hlutdeild Jöfnunarsjóðs yrði eins og stendur í samningi um rekstur starfs fyrir fötluð ungmenni 10-16 ára, 50 mkr.. Snemma á árinu komu skilaboð frá Jöfnunarsjóð um að breyting yrði á framlagi og var úthlutun til borgarinnar töluvert frá því sem gert hafði verið ráð fyrir, eða alls um 28.056 þkr.

Tekjur námu 48.350 þkr. sem er 13.931 þkr. lægri en áætlun. Bókfært framlag jöfnunarsjóðs er 42.075 þkr., þar af 14.019, vegna uppgjörs 2009, sem er 13.500 þkr undir áætlun. Vistunargjöld eru undir áætlun vegna færri barna.

Rekstraruppgjör ÍTR 2010

Launakostnaður nam 80.456 þkr. sem er 18.792 þkr. undir áætlun sem rekja má til færri barna í vistun. Þar sem um stuðningsúrræði er að ræða þá er gert ráð fyrir fáum ungmennum á hvern starfsmann.

Annar kostnaður nam 35.127 þkr. sem er 2.799 þkr. hærri en áætlun sem skýrist að öllu leiti af hærri húsaleigu en gert hafði verið ráð fyrir meðal annars af aðstöðu fyrir klúbbinn í Egilshöll.


Íþróttamál

Rekstur skrifstofu íþróttamála gekk vel á árinu. Aðsókn í laugarnar hefur aldrei verið eins mikil, á árinu komu 1.904.957 gestir sem er aukning um 71.330 gesti frá fyrra ári sem var metár. Í rekstri sundlauga var bryddað upp á nýjungum eins og miðnætursundi í fimm daga, frá miðvikudegi til sunnudags, og börnum og ungmennum var gefið frítt í sund frá 19. júní til loka ágústmánaðar.

Árið 2008 var keypt klórframleiðslutæki í innilaug Laugardalslaugar sem notar salt, rafmagn og ferskt vatn til að búa til klór. Mælingar hafa sýnt að árangur af tækinu er mjög góður, bæði eru gæði klórsins mikil og gæði loftsins í innilauginni mun betri samkvæmt THM mælingum. Tækið framleiðir 2.000 grömm á tímann sem er meiri en væntingar stöðu til í upphafi, hluti af framleiðslunni fer einnig í útilaugina. Tækið framleiðir klór eftir þörfum hverju sinni og er því mun umhverfisvænni en aðkeyptur klór sem inniheldur vítissóða til að auka geymsluþol. Til stendur að setja upp slíkan búnað í fleiri sundlaugum borgarinnar, til dæmis Sundhöllinni, en ekki var farið í þær framkvæmdir 2009 og 2010 vegna hagræðinga.

Frá haustmisseri 2006 hafa borgarstarfsmenn átt rétt á fríum aðgangi í sundlaugar borgarinnar, ÍTR hefur innheimt aðgangseyri hjá viðkomandi sviðum. Á vormánuðum 2010 þurfti ÍTR að lækka gjaldið sem innheimt er af sviðum borgarinnar um 75 kr. sem leiddi til 4,3 mkr lægri tekna sundlauganna.

Þróun framlags Reykjavíkur á hvern gest hefur haldið áfram að lækka eins og sjá má á meðfylgjandi mynd, sem sýnir þróun einingakostnaðar frá árinu 2002 á verðlagi 2010. Sjá má að allir liðir hafa lækkað sem rekja má til aukins gestafjölda. Frá árinu 2007 hefur gjaldskrá sundstaða ekki hækkað þrátt fyrir töluverða hækkun aðfanga til reksturs lauganna, þar á meðal orkukostnaðar og hækkunar launa samkvæmt kjarasamningum.



Rekstrarniðurstaða allra sundstaðanna nam 953.188 þkr sem er 5.014 hærri en áætlun eða 0,5%. Skýringar á frávikum í sundlaugunum eru að gjaldskrá til borgarstofnana var lækkuð um 75 kr í apríl sem leiðir til 4.246 þkr lægri tekna. Innri leiga var 4.691 þkr hærri en áætlun.


Rekstraruppgjör ÍTR 2010

Auk þess hefur gjaldskrárhækkun Orkuveitunnar í október og nóvember 2,5 – 3 mkr áhrif til hækkunar kostnaðar.


Aukinn gestafjöldi, og þá sérstaklega hjá börnum og ungmennum, yfir sumartímann hefur töluverð áhrif á kostnað vegna aðgangshliðanna. Yfir sumartímann var gríðarleg aðsóknaraukning á meðal barna eins og sjá má á meðfylgjandi mynd, en á þessum tíma var ókeypis í sund fyrir þennan aldurshóp.

Kostnaður við rekstur aðgangsstýrikerfisins í sundlaugunum varð meiri en gert hafði verið ráð fyrir vegna aukinnar aðsóknar.

Skipting rekstrarútgjalda skrifstofu íþróttamála er þannig að 37% af útgjöldum er launakostnaður. Kostnaður við leigu á mannvirkjum er að verða sífellt stærri hluti af útgjöldum starfsstaðanna og nam hann á síðasta ári um 36%. Þannig að þessir tveir stærstu útgjaldaliður lauganna nema samtals 73% af rekstrarkostnaði.



Skipting rekstrargjalda



I5000 Laugardalslaug

Rekstrarniðurstaða Laugardalslaugar nam 373.783 þkr sem er 7.464 þkr yfir fjárhagsáætlun eða 2,0%.

Tekjur námu 209.050 þkr sem er 800 þkr hærri en fjárhagsáætlun. Þar af nemur mótframlag vegna tryggingagjalds 3.233 þkr. Tekjur vegna veitingasölu eru 6.761 þkr. hærri en áætlun. Tekjur vegna aðgangseyris, skólasund og leigu mannvirkis til íþróttaiðkunar er 8.648 þkr. lægri en áætlun. Það eru tveir liðir sem hafa afgerandi áhrif á lægri tekjur laugarinnar, annars vegar var gefið frítt í sund fyrir börn og ungmenni frá 19. júní og hins vegar var lækkun á gjaldskrá vegna borgarstofnana sem hafði 1.218 þkr lækkun tekna í för með sér samkvæmt áætlun ÍTR.

Launakostnaður nam 214.480 þkr sem er 6.347 þkr lægri en áætlun. Það lögðust allir á eitt með að ná fram sparnaði og var til að mynda ekki kallað út aukafólk í veikindum og styttri fríum. Sparnaður í launakostnaði er í raun meiri þar sem nætursundið var allt unnið í yfirvinnu.

Innri leiga nam 260.461 þkr, sem er 2.173 þkr. hærri en áætlun vegna verðlagsþróunar umfram forsendur fjárhagsáætlunar.

Rekstraruppgjör ÍTR 2010

Annar kostnaður nam 108.064 þkr. sem er 12.609 þkr umfram áætlun. Megin skýringar á frávikum eru aukinn kostnaður vegna aðfanga í veitingasölu og kostnaður vegna færslugjalda í aðgangskerfinu þar sem gestafjöldi var töluvert umfram áætlun.

I5030 Breiðholtslaug

Rekstrarniðurstaða Breiðholtslaugar nam 118.032 þkr sem er 3.900 þkr hærri en fjárhagsáætlun eða 3,4%.

Tekjur námu 53.384 þkr sem er 892 þkr hærri en fjárhagsáætlun. Þar af nemur mótframlag vegna tryggingagjalds 1.341 þkr.

Annar rekstrarkostnaður nam 36.166 þkr. sem er 5.147 þkr hærri en áætlun. Megin skýringar á frávikum eru ófyrirséður kostnaður vegna viðhalds á myndavélakerfum laugarinnar, gjaldskrárhækkun Orkuveitunnar og kostnaður vegna færslugjalda í aðgangskerfinu, kostnaður vegna kortaútgáfu.

I5050 Grafarvogslaug

Rekstrarniðurstaða Grafarvogslaugar nam 151.093 þkr sem er 1.769 þkr hærri en fjárhagsáætlun eða 1,2%.

Tekjur námu 77.254 þkr. sem er 5.470 þkr hærri en áætlun. Þar af nemur mótframlag vegna tryggingagjalds 1.584 þkr..

Launakostnaður nam 102.756 þkr. sem er 4.933 þkr hærri en áætlun. Skýringar á frávikum eru að rekstrarstjóri mannauðsmála var færður tímabundið á sundlaugina en ekki hafði verið gert ráð fyrir þessu stöðugildi í áætlun, en talið var nauðsynlegt að fara í þessa aðgerð til að bæta starfsmannamál á staðnum til lengri tíma. Einnig var kostnaður vegna starfsloka eins starfsmanns sem ekki hafði verið gert ráð fyrir.

Annar rekstrarkostnaður nam 41.069 þkr. sem er 1.656 þkr, hærri en áætlun. Kostnaður vegna aðfanga í veitingasölu var 3.900 þkr hærri en áætlun.

I5060 Íþróttamiðstöð Klébergs

Við gerð fjárhagsáætlunar 2010 var rekstur íþróttahússins fluttur yfir til menntasviðs. Áætlun vegna verðbóta innri leigu sat eftir hjá ÍTR við samþykkt fjárhagsáætlunar. Á liðinn eru færðar verðbætur vegna innri leigunnar og kostnaður vegna orkukostnaðar umfram áætlun.

I5080 Ylströnd í Nauthólsvík

Rekstrarniðurstaða Ylstrandar nam 39.721 þkr. sem er 4.699 þkr hærri en áætlun eða 13,4%

Tekjur námu 9.642 þkr sem er 6.642 þkr hærri en áætlun. Hærri vöru- og veitingasala skýrir frávikið að mestu leyti.

Launakostnaður nam 19.927 þkr. sem er 4.289 þkr hærri en áætlun. Frávikið má rekja til aukaopnana vegna sjósunds, lengri opnunar í ágúst en áætlun gerði ráð fyrir og launaflokkamunar.

Rekstraruppgjör ÍTR 2010

Annar rekstrarkostnaður nam 14.715 þkr. sem er 6.940 þkr hærri en áætlun. Frávik má rekja til aukinna kaupa á aðföngum í veitingasölu, orkureiknings frá 2009 upp á 968 þkr. og aukinnar orkunotkunar vegna sjósunds.

I5220 Íþróttahús í Seljahverfi

Rekstrarniðurstaða íþróttahússins nam 42.680 þkr sem er 4.272 þkr hærri en fjárhagsáætlun eða 11,1%.

Tekjur námu 19.535 þkr. sem er 4.964 þkr lægri en áætlun. Skýringar á frávikum eru að vegna tafa hjá framkvæmda- og eignasviði á lagningu parkets í íþróttasal var ekki hægt að leigja salinn út til íþróttæfinga eða skólaleikfimi í þrjá mánuði. Tekjutap vegna tafanna eru metin á 5.800 þkr.

Launakostnaður nam 20.054 þkr sem er 1.369 þkr lægri en áætlun. Ekki var ráðið í stöðu vegna langtímaveikinda starfamanns, heldur var reynt að leysa stöðuna með þeim mannafla sem var til staðar.

Annar kostnaður nam 4.324 þkr. sem er 385 þkr hærri en áætlun. Skýringar á frávikum er að ganga þurfi frá flóttaleiðateikningum og ráðast þurfti í viðhald á gólfþvottavél. Auk þess þurfti að fjárfesta í nýjum burstum á gólfþvottavélina vegna gólfefnaskiptanna.

I5230 Íþróttahús KHÍ

Rekstrarniðurstaða íþróttahússins nam 19.995 þkr. sem er 15.858 þkr. hærri en fjárhagsáætlun.

Tekjur námu 10.606 þkr sem er 2.394 þkr lægri en áætlun. Tekjukrafa vegna salarleigu náðist ekki.

Annar kostnaður nam 17.097 þkr. sem er 14.235 þkr hærri en áætlun. Skýringar á frávikum má að mestu rekja til húsaleigu til Háskóla Íslands, sem er eigandi hússins, vegna íþróttahússins upp á 13.303.þkr. , en ekki var gert ráð fyrir greiðslu húsaleigunnar í fjárhagsáætlun. Krafan vegna húsaleigunnar kom ekki fyrr en í janúar, löngu eftir að vinnu við fjárhagsáætlun lauk. Krafan kom meðal annars til vegna kröfu um greiðslu fasteignaskatta af húsinu sem ekki var áður. Hluti af húsaleigunni er vegna uppgjör eldri ára upp á 4,2 mkr. Kostnaður vegna orkunotkunar var 650 þkr hærri en áætlun.

I540x Þjónusta við félög

Rekstrarniðurstaða nam 57.661 þkr. sem er 6.470 þkr hærri en fjárhagsáætlun eða 12,6%. Kostnaður vegna aðkeyptar sérfræðiþjónustu við alla íþróttavelli og gervigrasvelli vegna áburðargjafa, sláttar og hitakerfis. er meginástæða frávika auk þess er kostnaður vegna túnþaka í Grafarvogi ekki í áætlun.

I5600 Heilsuborgin Reykjavík

Rekstrarniðurstaða Heilsuborgarinnar nam 5.539 þkr. eða 3.039 þkr. hærri en áætlun eða 121,6%.

Rekstraruppgjör ÍTR 2010

Tekjur voru engar en gert hafði verið ráð fyrir 3.100 þkr framlagi frá Orkuveitunni. Orkuveitan ákvað að draga sig útúr verkefnininu á árinu og komu þeim skilaboðum á framfæri að ekki yrði sendur reikningur vegna ársins 2010.

Rekstrarkostnaður nam 5.539 þkr. sem er 61 þkr undir áætlun.

Önnur starfsemi

I8000 Hátíðahöldin 17. Júní

Rekstrarniðurstaða hátíðahalda 17. júní nam 22.097 þkr sem er 12.097 þkr hærri en fjárhagsáætlun eða 121%.

Tekjur námu 3.000 þkr sem er framlag forsætisráðuneytisins vegna morgunathafnar.

Annar kostnaður nam 25.101 þkr. sem er 15.101 þkr. hærri en fjárhagsáætlun. Skýringar á frávikum er að þjóðhátíðarnefnd var ekki tilbúin í að skera dagskrá hátíðahaldanna niður í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar. Auk þess eru uppgjorsreikningar frá Orkuveitunni vegna eldri ára gjaldfærðir 2010 upp á 1.477 þkr. Kostnaður vegna vinnu framkvæmdasviðs nam 3.020 þkr.

I8461 Langtímaveikindi

Rekstrarniðurstaða langtímaveikinda nam 41.607 þkr. sem er 4.607 þkr. hærri en fjárhagsáætlun eða 12,5%. Liðurinn tekur á langtímaveikindum starfsstaða eftir að þrjár vikur eru liðnar af veikindum starfsmanna sem kostnaðarstaður viðkomandi starfsmanns ber þá ekki lengur.

I8465 Leiga tölvubúnaðar – UTM

Rekstrarniðurstaða leigu á tölvubúnaði nam 48.865 þkr sem er 1.685 þkr hærri en fjárhagsáætlun eða 3,6%. Í forsendum fjárhagsáætlunar var gert ráð fyrir ekki yrði miklar breytingar á rekstrarumfangi. Vegna vandamála sem komu upp með tölvutengingar í meðal annars í frístundamiðstöðinni Ársel þurfti að fara í endurskoðun á tölvumálum. Farið var í IP símvæðingu og flutning á sameign Ársels til UTM sem fylgdi ákveðinn rekstrarkostnaður en á móti kemur að viðhald á sírstöð og gagnakerfum hverfur.

I8999 Lausafjárkaup

Rekstrarniðurstaða lausafjárkaupa nam 10.236 þkr. sem er 4.036 þkr hærri en fjárhagsáætlun eða 65,1%. Skýringar á frávikum má rekja til tveggja þátta, kaup á rekstrarleigubíl þar sem leigutími var runnin út og stofnkostnaði í frístundaheimili og félagsmiðstöð í Norðlingaholti sem var tekið á leigu um haustið, á móti var dregið úr kostnaði á miðlægum liðum hjá skrifstofu tómstundamála.

I9010 Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála

Rekstrarniðurstaða styrkjaliðs nam 17.080 þkr sem er 2.080 þkr hærri en fjárhagsáætlun eða 13,9%. Skýringar á frávikum má rekja til samnings um Tónlistarþróunarmiðstöðin þar sem endurgreiðsla borgarráðs á útlögðum kostnaði ÍTR var ekki framkvæmd. Gert hafði verið ráð fyrir að kostnaði við saminginn yrði skipt á ÍTR, menningar- og ferðamálaráðs og borgarráðs. Menningar- og ferðamálaráð greiddi sinn hluta en framlag borgarráðs skilaði sér ekki.

I9050 Húsaleiga af borgarmannvirkja

Rekstrarniðurstaða húsaleigu borgarmannvirkja nam 852.084 þkr. sem er 13.2 þkr. hærri en fjárhagsáætlun eða 1,6%. Verðbólga varð hærri en áætlun gerði ráð fyrir og munar þar 8,1 mkr. Auk þess var ekki gert ráð fyrir að leiga vegna endurbyggingar gervigrasvallar í Laugardal yrði greidd á árinu. Ekki hafði verið gert ráð fyrir að leigu vegna húsnæðis Brekkuhúss við Lyngheima.

I9320 Húsaleigu- og æfingastyrkir

Rekstrarniðurstaða húsaleigu- og æfingastyrkja nam 1.536.750 þkr. sem er 74.561 þkr hærri en áætlun eða 5,1%.

Frávik má rekja til eftirfarandi þátta:

- Vísitöluhækkana á leigu vegna íþrótt- og sýningarhallar og Egilshallar 30.082 þkr umfram það sem gert var í fjárhagsáætlun borgarinnar.
- Styrkja vegna fasteignaskatta umfram forsendur sem fengust uppgefnar í nóvember 2009 við gerð fjárhagsáætlunar 2010 hjá fjármálaskrifstofu 18.752 þkr.
- Hækkun á leigu skólasala grunnskóla borgarinnar á haustmisseri, menntasvið hækkaði gjaldskrá vegna leigunnar um 50% frá hausti 2010, 8.900 þkr.
- Kostnaður vegna aukinna æfingar og sumaræfinga í Laugardalshöll og vegna landsliðsins í handbolta umfram áætlun 10.097 þkr. Þar á meðal æfingar sem þurfti að flytja þurfti í Höllina vegna lokunar annarra íþróttamannvirkja
- Kostnaðarauki vegna seinkunar á á opnun Sæmundarskóla og tafa á opnun íþróttahúss Seljaskóla vegna framkvæmda 6.382 þkr.
- Kostnaðarauki vegna aðstöðuleysis Fram í Grafarholti 4.382 þkr.
- Auka kostnaður vegna nýs íþróttahúss Leiknis við Austurberg 3.191 þkr.
- Leiga á gistiaðstöðu í skólum vegna ReyCup 1.304 þkr.

I9340 Frístundakort

Rekstrarniðurstaða frístundakortsins nam 370.513 þkr. sem er 20.513 þkr hærri en fjárhagsáætlun eða 5,9%.

Frístundakortið er opið kerfi sem gerir forráðamönnum kleift að ráðstafa 25.000,- í tómstundastarf barna. Ráðstafanir voru töluvert umfram forsendur fjárhagsáætlunar þar sem gert hafði verið ráð fyrir að ráðstöfun yrði 65%. Stærsti hluti ráðstöfunar fer til lækkunar á æfingagjöldum íþróttafélaga.

Rástöfun frístundakorts

